Norræn gildi

LIST OG HÖNNUN

Kjarvalsstaðir

HÚSAGERÐARLIST


Sigurður Guðmundsson. Opið alla daga frá kl. 10–18. Til 12. október. Aðgangur 300 krónur. Sýningarskrá 1.650 krónur.

ALLTOF lítið hefur verið hugað að því í gegnum tíðina, að bregða ljósi á íslenzka byggingarlistasögu og er frumkvæði Kjarvalsstaða mikill hvalreki.

Og þótt einungis hafi verið brugðið upp heildarmynd af ferli tveggja arkitekta til þessa, þeirra Einars Sveinssonar og nú Sigurðar Guðmundssonar, má öllum innvígðum vera augljóst í hve stóra gloppu er verið að fylla. Ekki aðeins hafa sjálfar framkvæmdirnar vakið drjúga athygli, heldur gefst mönnum kostur á að líta þróunina frá allt annarri og skilvirkari hlið. Er einstakt og ómetanlegt að geta sett sig inn í hugsanagang arkitektanna og fylgt þróun þeirra frá fyrstu tíð, framar öðru hvernig Sigurður hugsaði sér umhverfi byggingarinnar, og að hús skyldi byggt yfir þarfir, hagnýtigildi þess. Ekki laust við að menn bíði spenntir framhaldsins og þá einnig úttektar á byggingarlistarsögunni á landsbyggðinni. Hér er nefnilega vakin umræða um mál sem öllum kemur við, og sem menn hafa ekki haft aðgengi að í þessu umfangi fram til þessa, en oft hafa orsakað heitar deilur manna á millum og opinberum vettvangi. Einstakar sýningar varðandi afmarkaðar samkeppnir eða á hugmyndavinnu nýútskrifaðra arkitekta segja mönnum lítið, einkum í ljósi þess að oftar en ekki hefur verið um hreinar tækniteikningar að ræða, minna um riss, vinnubækur og og módelsmíði.

Báðir þessir arkitektar urðu fyrir harðri gagnrýni á meðan þeir lifðu og um margt óréttlátri, er rýnirinn hér ekki með öllu undanskilinn. Rökræða á sjónlistir hefur frekar einkennst af ofstæki, hagsmunaárekstri og skammsýni en umburðarlyndi, skilningi og yfirsýn.


En menn höfðu einfaldlega ekki tækifæri til að setja sig nægilega inn í þessi mál og svo hefur seinni tíma skipulag þrengt að mörgum byggingaanna, hreinlega myrt sumar, og virðast menn enn í dag lítið hafa lært af mistökunum. Hús þurfa andrými til að njóta sín og það hefur Sigurður Guðmundsson gert sér ljósa grein fyrir eins og uppköst hans eru til vitnis um. Sér stað í hinum handgerðu og listavel gerðu vinnuteikningum sem sýna hve stutt var í myndlistarmanninn, á tímabili mun hann enda hafa ráðgert að verða málari.



Húsameistarinn Sigurður Guðmundsson á árunum 1925–30.

Það var líka einmitt hjá málaranum Jóni Stefánssyni, í húsinu sem Sigurður teiknaði 1928 að Bergstaðastræti 7, um og eftir miðjan sjötta áratuginn að húsráðandi kynnti okkur. Húsameistarinn sat þar í einu horninu grár og virðulegur er mig bar að, og stafaði frá honum einhver virðuleiki hlýja og ljómi. Má segja að ég hafi fengið hann beint í æð, því hann skildi mikið eftir af áru sinni þegar hann fór skömmu seinna og Jón notaði nær alla heimsókn mína til að úlista fyrir mér hve góður arkitekt maðurinn væri og herma af óréttmætri gagnrýni á sum verka hans. Norræn klassík átti ekki upp á pallborðið hjá ungum í þann tíma, frekar en svo margt annað norrænt, einkum danskt, sem er ógæfa íslenzkrar byggingarlistar. Auðvitað áttum við að taka upp það besta í norrænni byggingarlist og myndlistarmenningu og bæta um betur, svona líkt og Japanir gerðu á sviði bílaiðnaðarins svo augljóst dæmi sé tekið sem Íslendingar skilja. En í raun gerðu þeir það á fleiri sviðum, ekki síst í hátækniiðnaðinum og réðu svo seinna til sín Evrópska húsameistara og hönnuði, er tæknibyltingin var að gera flest yfirþyrmandi einhæft hjá þeim sjálfum á sviði húsagerðar.

Íslenzkir arkitektar hafa til þessa undantekningarlaust verið skólaðir í útlandinu og þessir skólar hafa eðlilega verið lagaðir að allt öðru umhverfi og aðstæðum. Með langa sögu og erfðavenju að baki á hverjum stað, þar sem tekið var sérstakt tillit til landslags, veðurs og gróurfars. Við sjáum það greinilega í Reykjavík hve margvísleg og sundurleit þessi menntun hefur verið, öll byggðin ber þess merki. Það var svo dæmigert að er Sigurður kom heim árið 1925, sem gagnmenntaður húsameistari, þótt svo hann kysi að taka ekki fullnaðarpróf, vissi hann næsta lítið um steinsteypuhús þar sem timburhús voru hans sérgrein! Hann var þannig hvorki búinn undir né sérhæfður í að teikna hús fyrir íslenzkar aðstæður frekar en svo margir aðrir, sem marglitum prófskírteinum hampa, enn í dag. Sigurður er skýrt dæmi um mann sem gengur út frá grunnmenntun sinni og mótuðum hefðum, en var um leið opinn fyrir því helsta sem var að gerast á vettvanginum í Evrópu. Nálgaðist það án þess að yfirgefa hefðina og teiknar þó, jafnvel einmitt þessvegna, einhver fegurstu hús nytjastefnunnar, Funkisstílsins, sem reist hafa verið hér á landi. En menn gleymi því ekki, að um var að ræða að byggja upp af engu að segja má, og leggja grunn að framtíðinni. Sumir hafa álitið, að það hafi verið yngri samstarfsmenn á teiknistofu Sigurðar sem lögðu grunn að nýrri þróun í samvinnu við meistarann og má það vel vera, en rýrir á engan hátt hlut hans, þvert á móti. Í rýni sinni á verk Sigurðar taka menn svo ekki alltaf tillit til aðstæðna né tímanna, er útjaðar borgarinnar var Vatnsþróin við Hlemm, og upp reis á Skólavörðuholtinu eitt fullkomnasta skólahús á Norðurlöndum, eins konar háborg grunnmenntunar.



GARÐASTRÆTI 41, hús Ólafs Thors, byggt 1929. Af módelinu, sem er smíði Sigurðar Gústavssonar arkitekts 1996, má ráða hve vel það hefði notið sín í bjartari búningi.

Í mínum augum var Austurbæjarskólinn einhver einfaldasta og stílhreinasta bygging borgarinnar á sínum tíma. Svo mikill var stórhugurinn að þegar hann var tekinn í notkun 1930, nutu þeir sem sóttu hann, jafnt háir sem lágir, stórkostlegra forréttinda, sem ekki höfðu þekkst áður á landi hér, því í húsinu voru kvikmyndasalur, sundlaug og böð, fullkomið skólaeldhús og matsalur, auk sérhæfðra kennslustofa fyrir listgreinar (!) og verklega kennslu. Einu sundlaugarnar töldust t.d. uppi í sveit þ.e. í Laugardalnum, þar sem var mjög strjál byggð fram á sjötta áratuginn. Þá var skólinn fyrsta bygging í Reykjavík sem tengd var jarðvarmaveitunni frá Þvottalaugunum, tekin í notkun síðla árs 1930. Þá fékk hann Ásmund Sveinsson myndhöggvara til að gera útskurðarmyndir á anddyrishurðir og lágmyndir yfir inngöngum skólans og er mér í barnsminni hve þetta jók á virðuleika skólans. Þetta var minn skóli, sem ég bar óttablandna virðingu fyrir og að auki naut ég þess að fara um skeið á kvöldin í sundlaugar hans í fylgd foreldra minna, sem voru einkavinir skólalæknisins. Sundhöllin við Barónsstíg, snilldarverk Guðjóns Samúelssonar og í góðu stílrænu samræmi við skólann, tók svo til starfa 1937 og gerbreytti allri aðstöðu til sundiðkana í borginni. Um leið og maður náði í skottið á gamla tímanum lifði maður upphaf nýaldar á Íslandi, risavöxnustu hvarfa í sögu landsins. Þessi bygging er sérstaklega dregin fram hér vegna þess hve vel rýnirinn þekkir til innviða hennar og hve gott dæmi hún er um yfirsýn Sigurðar, en hann hafði einnig hannað svæðið fyrir framan bygginguna og aðgengi að henni. Öll upphaflega teikningin er mjög formhrein, en þaki var breytt í endanlegri útfærslu og lóðin komst aldrei í gagnið í fyrirhugaðri mynd! Eitt dæmi af alltof mörgum um seinþroska ráðamanna og þvergirðingshátt kerfisins. Skilja ekki að aðgengi að húsum og umhverfi er hluti þeirra. Eitthvað skortir á stórhug framvarðasveita á „framfaraskeiðum“ seinni tíma, því hve margir skólar hafa verið byggðir í þessum anda og hve margir skólar eru með sérhannað rými fyrir list- og handmenntir? Við eigum jafnvel ekki sérhannaðan skóla fyrir íðir, myndlist og arkitektúr sem þó frá fornöld hafa talist til grunneininga menntunar. Enginn háskóli úti í heimi svo aumur að honum fylgi ekki listadeild, væri ekki akademía fyrir.

Sigurður Guðmundsson var mikill listamaður og í afar sterkum tengslum við hið besta á sínum tíma. Auk þess bjó með honum sá metnaður fyrir hönd þjóðar sinnar, sem á virðist hafa skort hjá ýmsum seinni tíma arkitektum er litu langt yfir skammt og fluttu inn hrærigraut erlendra stílbrigða. Teiknuðu viðbyggingar við eldri hús sem eru líkastar illa gerðum stoðtækjum á fatlaða, eða áfestir herðakistlar á vel byggða menn. Létu sig hafa að misþyrma eldri byggð með hjáleitum stílbrigðum og skerða með því ris umhverfisins, sem telst andleg nauðgun og sjónmengun.

Annað mál er svo að ytri byrði húsa Sigurðar var iðulega fullþungt, grámóskuleg grófhúðun, svonefnt perlukast sem eltist illa, um það geta menn verið sammála og mörg húsa hans í hagnýtistílnum hefðu notið sín betur í bjartari gerð. En gátu þeir sem á þessum tíma leituðu að efni til að styrkja ytri byrði húsa séð fram á bílaöldina og skítinn úr útblásturspörunum? Seinna kom skjeljamulningur, sem var afar snjöll og ódýrari lausn í ómenguðu og hreinu lofti, og Stefán Einarsson trésmíðameistari fann upp, en óhreinindi og koltvísýringur fer enn verr með.

Ber að líta til þessa alls og aðstæðna á tímunum áður en dómar eru felldir og skoða með opnum og vakandi huga frumköst og uppdrætti hins merka húsameistara og hönnuðar. Gefin hefur verið út afar handhægur og skilvirkur ritlingur í tilefni sýningarinnar, þó saknar maður litmynda og svart/hvítar myndir mættu vera fínkornaðri og hefting fullkomnari.

Bragi Ásgeirsson

Ódysseifur í tali og tónum

LEIKLIST

Det lille Turnéteater

ODYSSEUS

Handrit og leikstjórn: Kim Nörrevig. Leikari: Peter Holst. Tónlist og bassaleikur: Christian Glahn. Leiktjald: David Lewis. Möguleikhúsið 5. október.

UM HELGINA hélt Möguleikhúsið barnaleikhúshátíð og bauð upp á nokkrar ólíkar sýningar fyrir börn. Ein þeirra var gestasýning á Ódysseifi í flutningi danska leikhússins Det lille Turnéteater. Formlega er þessi sýning afar einföld í sniðum og á sviðinu eru aðeins tveir menn: sögumaður og kontrabassaleikari. Sögumaðurinn segir söguna af Ódysseifi, allt frá því hann er kallaður til liðs við Menelás konung Spörtu sem heldur til stríðs gegn Trjóubúum og þar til hann stígur á land aftur í Íþöku, heimaborg sinni, tuttugu árum síðar og endurheimtir konungsríki sitt og fjölskyldu. Sögumaðurinn, Peter Holst, rekur þessa frægu sögu á lifandi og skemmtilegan hátt og er dyggilega studdur af undirleik kontrabassaleikarans Christians Glahn.

Peter Holst tókst mjög vel upp í hlutverki sögumanns og átti hann auðvelt með að bregða sér í hin ólíkustu gervi og halda athygli áhorfenda. Christian Glahn notaði hljóðfæri sitt á útsjónarsaman hátt til að túlka ólík sviðshljóð og gefa tóninn til að undirstrika þá stemmningu sem við átti hverju sinni.

Sagan af Ódysseifi er viðburðarík örlagasaga sem býður upp á mörg skemmtileg frásagnaratriði þar sem til leiksins mæta risar og forynjur og fjallað er um ást og vináttu, svik og tryggð, stríð og sigur, hrakninga og hættur, töfra og tálsýnir. Þetta ætti því að vera tilvalin skemmtun fyrir börn jafnt sem fullorðna áhorfendur og þeir fáu gestir sem mættu í Möguleikhúsið á sunnudaginn skemmtu sér vel. Vera kann að sú staðreynd að sýningin var flutt á dönsku hafi átt sinn þátt í því hversu fáir áhorfendur mættu til leiksins.

Sýning sem þessi er tilvalin til flutnings í skólum, til að mynda, því hið einfalda form hennar gerir það auðvelt að setja hana upp við nánast hvaða aðstæður sem er. Gaman væri ef einhverjir íslenskir leikarar notfærðu sér þessa hugmynd, að setja klassískar sögur (innlendar jafnt sem erlendar) á svið á þennan máta, þar sem áherslan er á lifandi frásögn og spuna, og kynna þannig heimsbókmenntirnar fyrir íslenskum börnum og unglingum. Það væri þarft framtak sem skilaði sér örugglega í auknum áhuga, bæði á bókmenntum og leikhúsi.

Soffía Auður Birgisdóttir

BÚIÐ OG STARFIÐ Í BANDARÍKJUNUM

55.000 innflytjendaáritanir (Green Card) eru í boði í nýju Ríkishappdrætti "U.S. Government Lottery". Opinbert happdrætti, ókeypis þátttaka.

LOKAFRESTUR: 14. NÓVEMBER 1997

Upplýsingar: Sendið einungis póstkort með eigin nafni og heimilisfangi til:


NATIONAL VISA SERVICE

4200 WISCONSIN AVENUE N.W.
WASHINGTON, D.C. - 20016 U.S.A.
FAX 00 1 202 298-5601 - Sími 00 1 202 298-5600
www.nationalvisacenter.com

©1997 IMMIGRATION SERVICES

Ljóðasafn eftir Jóhann á spænsku

STÓRT safn ljóða eftir Jóhann Hjálmarsson kemur út á Spáni í byrjun næsta árs. Þýðandi ljóðanna er José Antonio Fernández Romero og útgefandi Asociación Cultural „El último Parnaso“ í Zaragoza.



Jóhann Hjálmarsson

Ljóðin, sem eru um 100, eru úr öllum fjórtán ljóðabókum skáldsins, frá þeirri fyrstu, Aungull í tímann (1956), til hinnar síðustu, Rödd í speglunum (1994).

Ljóð eftir Jóhann og fleiri íslensk skáld birtust í safnritinu *Poesía Nórdica* (útg. Torres 1995) í þýðingu Fernández Romero, en ritstjóri bókarinnar var skáldið og þýðandinn Francisco J. Uriz, forstöðumaður Þýðingastofnunarinnar í Tarazona í Aragónfylki.

Hlaut æðstu þýðingaverðlaun Spánar

José Antonio Fernández Romero hefur um árabil fengist við þýðingar á ljóðum Jóhanns Hjálmarssonar, en hann lauk þýðingu væntanlegs safns í sumar. Áður hefur hann þýtt skáldsögur eftir Halldór Laxness, íslenskar þjóðsögur og skáldsöguna Engla alheimsins eftir Einar Má Guðmundsson. Fernández Romero, sem er prófessor við Háskólann í Vigo í Galisíu, fékk nýlega æðstu þýðingaverðlaun spænska ríkisins fyrir þýðingar sínar á ljóðum íslenskra skálda.

Bókaútgáfan „El último Parnaso“ sem einnig gefur út bókmenntatímarit hefur að mestu gefið út verk ungra spænskra skálda, en einnig þýðingar, m.a. safn ljóða rússnesku fútúristanna. Bókum útgáfunnar er dreift um Spán, Suður-Ameríku og fleiri lönd.

Ljóð eftir Jóhann Hjálmarsson hafa verið þýdd á fjölmörg mál og birst víða í safnritum, tímaritum og blöðum. Bók með úrvali ljóða hans kom út í Svíþjóð 1977: *Landet vilar i egen dikt.* Bókin kom út í ritröðinni Nordisk dikt hjá forlagi Rabén & Sjögren í Stokkhólmi og var Christer Eriksson þýðandi ljóðanna.

Safn ljóða Jóhanns nefnist *Poemas* í spænsku þýðingunni.